

62. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

VII. KAFLI

Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í hreppsnefnd Eyrarsveitar, samþykkis einfalds meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um fis, nr. 555/1987.**

1. gr.

Grein 3.7 orðist svo:

3.7 *Flugskyggni og fjarlægð frá skýjum.*

Allt flug skal háð þeim skilyrðum um skyggni og fjarlægð frá skýjum sem jöfn eru eða strangari en um getur í eftirfarandi töflu. Hlutaðeigandi flugstjórnardeild getur þó veitt sérstaka undanþágu fyrir flug innan flugstjórnarsviðs.

	Innan flugstjórnarrýmis		Utan flugstjórnarrýmis	
	ofar en	í eða neðar en	ofar en	í eða neðar en
	eftirfarandi hæðir: 3000 fet (900 m) fyrir ofan meðalsjávarmál eða 1000 fet (300 m) fyrir ofan jörð, hvort sem er hærra.			
Flugskyggni	8 km	8 km	8 km	5 km
Fjarlægð frá skýjum:				
a) lárétt	1,5 km	1,5 km	1,5 km	Laus við ský og
b) lóðrétt	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	sér til jarðar

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast gildi til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. júní 1991.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.